



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 12. nóvember 2025 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins kl. 8:30.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson oddviti, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Erla María Lárusdóttir, Arnar Ólafur Viggósson, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri.

Arnór Tumi Finnsson verkefnastjóri fjármála sat fundinn undir 1.-6. dagskrárlið.

Oddviti stjórnaði fundi og sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### 1. Álagningarstuðlar útsvars og fasteignagjalda 2026

#### Ákvörðun um útsvar vegna tekna ársins 2026

Fyrir fundinum lá tillaga um að álagningarhlutfall útsvars fyrir árið 2026 yrði óbreytt eða 14,97%.

Var tillagan borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkti sveitarstjórn hana samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

#### Gjaldskrá fasteignagjalda 2026

Fyrir fundinum lá tillaga að álagningu og álagningarreglum fasteignagjalda fyrir árið 2026:

##### **Fasteignaskattur:**

Álagning á íbúðarhúsnæði (A-flokkur) verði 0,48% af álagningarstofni.

Álagning á opinberar stofnanir (B-flokkur) verði 1,32% af álagningastofni.

Álagning á verslunar- og atvinnuhúsnæði verði (C-flokkur) 1,65% af álagningarstofni.

##### **Lóðarleiga:**

Lóðarleiga verði 1,65% af fasteignamatsverði lóða.

##### **Vatnsskattur:**

Vatnsskattur verði 0,3% af fasteignamati að lágmarki 10.000 kr. og á íbúðarhúsnæði að hámarki 70.000 kr.

##### **Holræsagjald:**

Holræsagjald verði 0,24% af fasteignamati lóða og mannvirkja.

Rotþró 0000-2000 ltr verði 15.136 kr. á ári.

Rotþró 2001-4000 ltr verði 17.755 kr. á ári.

Rotþró 4001-6000 ltr verði 20.666 kr. á ári.



Rotþró umfram 6000 ltr verði 3.129 kr. á ári per rúmmetra.

Rotþró barkagjald verði 4.272 kr. á ári.

### **Sorphirðugjald /sorpeyðingargjald:**

Sorphirðugjald verði 100.000 kr./íbúð fyrir reglubundna sorphirðu og eyðingu.

Sorpeyðingargjald verði 31.500 kr./sumarhús og íbúðir þar sem ekki er regluleg sorphirða.

Sorpeyðingargjald á hesthús og fjárhús verði 11.200 kr./hús í notkun.

Sorpeyðingargjöld á fyrirtæki verða samkvæmt gjaldskrá.

### **Leiga ræktunarlóða:**

Fyrir hvern ha ræktunarlóða er greitt fast leigugjald. Auk þess greiða lóðarhafar fasteignagjöld af lóðunum skv. fasteignamati.

Lóðaleiga verði 10.454 kr./ha.

### **Gjalddagar:**

Gjalddagar fasteignagjalda eru átta, frá 1. febrúar til 1. september, en á smærri upphæðum eru gjalddagar einn eða tveir. Gjaldþagi á 0-30.000 kr. er 1. febrúar fyrir hvert fasteignanúmer, en skiptist í tvo gjalddaga 1. febrúar og 1. mars fyrir upphæðir á bilinu kr. 30.001-60.000.

Eftirfarandi reglur gildi um lækkun fasteignaskatta elli- og örorkulífeyrisþega:

Fasteignaskattur verður eingöngu lækkaður af íbúðum elli- og örorkulífeyrisþega, sem þeir búa í sjálfir. Til viðmiðunar eru allar tekjur viðkomandi, þar með taldar fjármagnstekjur samkvæmt skattframtali næst liðins árs.

Fasteignaskattur lækki um allt að kr. 50.000,- hjá:

- Einstaklingum með tekjur allt að 4.782.000 kr/ári
- Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 7.828.000 kr/ári

Fasteignaskattur lækki um allt að kr. 30.000,- hjá:

- Einstaklingum með tekjur allt að 5.981.000 kr/ári
- Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 9.777.000 kr/ári

Var tillagan borin upp til atkvæðagreiðslu. Sveitarstjórn samþykkti framlagða tillögu samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.



## 2. Gjaldskrá sveitarfélagsins 2026

Fyrir fundinum lá tillaga að gjaldskrá 2026. Almenn hækkun gjalda er að jafnaði 3,2%.

Var tillagan borin upp til atkvæðagreiðslu sem var samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

## 3. Fjárhagsáætlun 2026-2029 (síðari umræða)

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2026 til 2029 til síðari umræðu en áætlunin var áður til umfjöllunar hjá sveitarstjórn þann 14. október síðastliðinn.

Í tillögu að fjárhagsáætlun 2026 er rekstrarniðurstaða samstæðu jákvæð um 91 m.kr. Rekstrarniðurstaða samstæðu fyrir afskriftir og fjármagnsliði er jákvæð um 151 m.kr., afskriftir eru 58,6 m.kr. og fjármagnsliðir nettó 1,2 m.kr. Tekjur eru áætlaðar 1.096 m.kr., þar af eru skatttekjur og framlög jöfnunarsjóðs 812 m.kr. og aðrar rekstrartekjur 284 m.kr. Rekstrargjöld eru áætluð 1.004 m.kr. og þar af er laun og lífeyrisskuldbindingar 506 m.kr. Veltufé frá rekstri samstæðu er jákvæð um 170 m.kr. Fjárfestingar á árinu er áætlaðar 147 m.kr. Stærstu fjárfestingaþættirnir eru 60 m.kr vegna malbiks og gangstétta framkvæmda, 55 m.kr í hafnarframkvæmdir og 19 m.kr. í skólabyggingar. Ekki er gert ráð fyrir lántöku vegna fjárfestingana. Áætlað handbært fé í árslok er því 69 m.kr. Í áætlun árána 2026 til 2029 er gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu samstæðu öll árin.

Sveitarstjóri og verkefnastjóri fjármála gerðu grein fyrir helstu breytingum frá fyrri umræðu. Sveitarstjórn ræddi áætlunina og fór yfir meginþætti hennar.

Fjárhagsáætlun fyrir 2026 til 2029 var borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

## 4. Námsstyrkir til nemenda

Fyrir fundinum lá tillaga um námsstyrki til nemenda sem stunda nám utan heimabyggðar vegna 2026. Tillagan nemur 30.000 kr. fyrir heilt námsár sem jafngildir 30 einingum. Tillagan var borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða af sveitarstjórn með fimm greiddum atkvæðum. Var sveitarstjóra falið að uppfæra gildandi reglur um námsstyrki til nemenda og leggja fyrir næsta fund sveitarstjórnar í desember.

## 5. Frístundakort

Fyrir fundinum lá tillaga að upphæð frístundastyrks til foreldra barna með lögheimili á Skagaströnd vegna 2026. Lagt er til að styrkur nemi 25.000 kr. Var tillagan borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.



## 6. Rekstraryfirlit janúar-september 2025 og framkvæmdayfirlit janúar-október 2025

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit vegna janúar-september 2025 og framkvæmdayfirlit vegna janúar-október sem verkefnastjóri fjármála fór yfir og útskýrði. Voru yfirlitin lögð fram til kynningar.

## 7. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir helstu málefni sem unnið hefur verið að á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Var skýrsla flutt munnlega og til kynningar.

## 8. Trúnaðarmál

Afgreiðsla sveitarstjórnar var bókuð í trúnaðarbók.

## 9. Tilnefning áheyrnafulltrúa í velferðarnefnd Húnabyggðar

Í samræmi við þjónustusamning milli Sveitarfélagsins Skagastrandar og Húnabyggðar sem samþykktur var í sveitarstjórn þann 13. ágúst sl. skal sveitarfélagið tilnefnda áheyrnafulltrúa til setu í velferðarnefnd Húnabyggðar.

*Eftirfarandi tillaga var borin upp:*

Erla María Lárusdóttir sitji sem áheyrnafulltrúi fyrir sveitarfélagið og Halldór Gunnar Ólafsson til vara.

Var tillagan borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fimm atkvæðum.

## 10. Bréf

### a. Samgöngustofa dags. 6. október 2025

#### Efni: Öryggismál á hafnarsvæðum

Með erindinu bendir Samgöngustofa hafnaryfirvöldum ýmis öryggisatriði tengd hafnarsvæðum. Erú hafnaryfirvöld hvött til að kynna efni erindis fyrir starfsfólki með þann tilgang að auka öryggi í höfnum. Erindið var lagt fram til kynningar.

### b. Ríkisskattstjóri dags. 7. október 2025

#### Efni: Aðgangur að myndavélum Skagastrandarhöfn

Með erindinu er þess farið á leit við sveitarfélagið að veita tollgæslu yfirlit yfir þær eftirlitsmyndavélar sem Skagastrandarhöfn hefur undir höndum á tollhöfnum og öðrum svæðum þar sem ótollafgreiddar vörur eru geymdar. Var sveitarstjóra falið að svara erindinu jákvætt og veita nauðsynlegar heimildir rúmist kostnaður vegna beiðninnar innan gildandi fjárhagsáætlunar hverju sinni.

### c. ÖBÍ dags. 9. október 2025

#### Efni: Bið eftir NPA



Með erindinu er óskað eftir upplýsigum um NPA þjónustu í sveitarfélaginu. Var sveitarstjóra falið að áframsenda erindið til Sveitarfélagsins Skagafjarðar sem fer með málefni fatlaðra í sveitarfélaginu.

**d. Hestamannafélagið Snarfari dags. 15. október 2025**

**Efni: Styrkbeiðni**

Með erindinu er óskað eftir 750.000 kr. styrk til þess að klára ýmis verkefni sem unnin hafa verið af félaginu á árinu. Sveitarstjórn fjallaði um erindið á vinnufundi í tengslum við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og var gert ráð fyrir styrknum í áætlun vegna 2026.

**e. Markaðsstofa Norðurlands dags. 27. október 2025**

**Efni: Málefni Flugklasans**

Með erindinu er óskað eftir styrk sem nemur 500 kr. á hvern íbúa vegna ársins 2026 til þess að fjármagna starfsemi Flugklasans. Var erindinu hafnað.

**11. Fundargerðir:**

**a) Stjórnar SSNV dags. 7. október 2025**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**b) Stjórnar SSNV dags. 20. október 2025**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**c) Stjórnar SSNV dags. 24. október 2025**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**d) Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 10. október 2025**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**e) Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 21. október 2025**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**f) Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 31. október 2025**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**g) Fræðslunefndar dags. 29. október 2025**

Fundargerð staðfest með 5 greiddum atkvæðum.

**h) Hafnar- og skipulagsnefnd dags. 4. nóvember 2025**

Fundargerð staðfest með 5 greiddum atkvæðum.

**10. Önnur mál**

Ekkert tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 12:10



# Undirritunarsíða

Alexandra Jóhannesdóttir

Haldór Gunnar Ólafsson

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Arnar Ólafur Viggósson

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Erla María Lárusdóttir